

L Ö G

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 55. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef sérstakar ástæður mæla með því, getur ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis og lyfjaskrárnefndar, takmarkað skráningu sérlyfs við notkun á tilteknum spítaladeildum eða undir umsjá slíkra deilda. Lyf, sem svo eru skráð, má einungis auglýsa eða kynna fyrir þeim, sem lyfin mega nota samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. marz 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Til þess m. a. að framkvæma eftirlit skv. 1. mgr. svo og önnur eftirlitsstörf skv. lögum þessum eða öðrum fyrirmælum, skal starfa í heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytinu lyfjaeftirlitsmaður, er sé lyfjafræðingur að mennt. Honum til aðstoðar við eftirlitið starfi sérhæft aðstoðarfólk eftir þörfum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.